*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 125/1336
*komudagur* 29.3.2000

29. mars 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 23. mars 2000 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum, 430. mál.

Seðlabanki Íslands telur að í frumvarpinu felist mikilvægar breytingar sem leiða muni til bættra viðskiptavenja og efla trú viðskiptavina á óhlutdrægni og ráðvendni fjármálafyrirtækja og starfmanna þeirra. Sérstaklega telur bankinn mikilvæg ákvæðin um menntunarkröfur og um aðgreiningu einstakra starfssviða.

Seðlabanki Íslands gerir þá einu athugasemd við frumvarpið að í 9. gr. er ranglega vísað til „bankaeftirlits" í stað „Fjármálaeftirlits".

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605